

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II. HLUTI

Þjóðhagfræði

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Þjóðhagfræði

Prófdagur: 30. janúar 2019..... Kl.: 16:00 – 20:00.....

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblið: 6 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin. Fylgiblið: Engin.....

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Gætið þess að merkja ása á myndum sem þið teiknið og merkið ferla með skýrum hætti. Vandíð frágang og ritið svör ykkar greinilega. Gangi ykkur vel.

I. **Stuttar spurningar.** Vægi hverrar spurningar er 6%.

1. Takið rökstudda afstöðu til þess hver eftirfarandi fullyrðinga er röng. Almennt gildir að verðbólga

- (1) lýsir sér í fallandi verðgildi peninga
- (2) hefur ekki áhrif á kaupmátt peninga
- (3) dregur úr kaupmætti peninga
- (4) er skilgreind sem almenn varanleg hækkun verðlags.

2. Í lokuðu hagkerfi gildir þjóðhagsjafnan $Y = C + I + G$. Bókstafirnir hafa hefðbundna merkingu, Y eru þjóðartekjur, C er einkaneysla, I er fjárfesting og G er útgjöld hins opinbera.

Þessa jöfnu má umrita sem $I = Y - C - G$ og ef við bætum við sköttum sem við táknum með bókstafnum T og drögum þá frá um leið má skrifa $I = Y - C - T + T - G$ og með því að setja sviga utan um liði sem eiga saman fæst $I = (Y - C - T) + (T - G)$.

Rökstyðjið hver eftirtalinna fullyrðinga eigi best við um síðustu jöfnuna.

- (1) Jafnan dregur fram áhrif millifærslna í ríkisbúskapnum.
- (2) Jafnan sýnir að kljúfa má innlendan sparnað í tvo liði, sparnað einkageirans og sparnað opinbera geirans.
- (3) Jafnan er haldlaus af því hún er fengin með því að skjóta inn í fyrri jöfnu sköttum með jákvæðu og neikvæðu formerki.
- (4) Jafnan hefur enga þýðingu af því að í hana vantar vexti.
- (5) Engin ofangreindra fullyrðinga á við.

3. Gerum ráð fyrir að vísitala neysluverðs sé 175 í þessum mánuði og að grunnár vísitölunnar sé 2001, þ.e. að hún sé sett á 100 á því ári. Við spyrjum um verðbreytingar í ljósi þessara upplýsinga. Rökstyðjið svar ykkar um liðinn að neðan sem er réttur.

- a. Það kostar 100 kr. í dag að kaupa það sem kostaði kr. 175 á grunnárinu.
- b. Það kostar þrjár krónur og fimmtíu auru í dag að kaupa það sem kostaði kr. 175 á grunnárinu.
- c. Það kostar 350 kr. í dag að kaupa það sem kostaði 100 kr. á grunnárinu.
- d. Það kostar 175 kr. í dag að kaupa það sem kostaði 100 kr. á grunnárinu.
- e. Það kostar tvö hundruð krónur að kaupa það sem kostaði 100 kr. á grunnárinu.

4. Ein fullyrðinganna er rétt. Rökstyðjið svar ykkar. Gengi krónunnar hefur styrkst ef:

- (1) Verð á erlendum gjaldeyri hefur hækkað í krónum talið.
- (2) Innfluttur varningur kostar minna hér á landi en áður þrátt fyrir að verðlag erlendis hafi haldist stöðugt.
- (3) Áður fékkst einn bandaríkjadalur fyrir 100 krónur en nú verður að borga 130 krónur fyrir dalinn.
- (4) Allt ofangreint á við.

5. Sparnaður er það sem eftir stendur af tekjum þegar búið er að borga neysluna og skattana. Í þjóðhagslegu samhengi má skrifa $S = Y - C - T$ þar sem Y er þjóðartekjur (hér samhengisins vegna, en gæti staðið fyrir landsframleiðslu í öðru samhengi) og C er einkaneysla, (e. private consumption). Af grundvallarjöfnu þjóðhagsreikninganna má leiða út eftirfarandi samhengi:

$$(S - I) + (T - G) = NX$$

Hér er I fjárfesting (e. investment), G eru opinber útgjöld (e. public expenditure), T eru skattar til hins opinbera (e. taxes), S er sparnaður (e. savings), NX er hreinn útflutningur (e. net exports).

Takið rökstudda afstöðu til hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:

- (1) Samhengið er ekki hægt að leiða út frá skilgreiningu á VLF byggðri á ráðstöfunaruppjöri (e. expenditure approach to national accounts).
 - (2) Afgangur á viðskiptum við útlönd leiðir af sér afgang í rekstri hins opinbera.
 - (3) Standi skattar ekki undir opinberum útgjöldum og ef innlendir sparnaður er minni en innlend fjárfesting verður afleiðingin halli á viðskiptum við útlönd.
 - (4) Stærðin $T-G$ sýnir millifærslur um farvegi almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar.
 - (5) Ef sparnaður stendur ekki undir fjárfestingu og opinberi geirinn er rekinn með halla verður afgangur á viðskiptum við útlönd.
6. Vörukarfa kostar \$120 í Bandaríkjunum og £80 í Bretlandi. Hvert ætti gengið að vera á milli gjaldmiðlana samkvæmt kenningunni um kaupmáttarjafnvægi (e. purchasing power parity, PPP) um að gengið ákvarðist í samræmi við kenninguna um eitt verð? Látið þess sérstaklega getið ef þið teljið ekki unnt að reikna gengið án upplýsinga um vaxtastig í löndunum tveimur.
- a) 2 dollarar/pund
 - b) 1,5 dollarar/pund
 - c) 0,67 dollarar/pund
 - d) 0,5 dollarar/pund

7. Ræðið stuttlega hvaða skilgreining á best við um fjármuni (e. capital) í skilningi hagfræðinnar:

- a) það ferli að breyta aðföngum í nothæft form.
- b) þeir peningar sem fyrirtæki fær sem andvirði hlutabréfa í eigu fyrirtækisins og seld eru í kauphöll.
- c) þeir peningar sem fyrirtæki notar til að kaupa aðföng (e. inputs).
- d) hlutir sem hafa þegar verið framleiddir og eru notaðir til að framleiða aðrar vörur og þjónustu.
- e) engin ofangreindra skilgreininga er rétt.

8. Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga. Ef vextir hér á landi hækka umfram vexti í öðrum löndum þá

- a) mun eftirspurn eftir krónum minnka.
- b) mun útflutningur aukast.
- c) mun innflutningur minnka.
- d) mun gengi krónu veikjast sem getur leitt til hagstæðari viðskiptajöfnuðar.
- e) munu innlendir fjármagnseigendur í auknum mæli leita út fyrir landsteinana með fjárfestingar.
- f) Allt af þessu mun gerast.
- g) Ekki er líklegt að neitt af þessu gerist.


Svar ber að rökstyðja.

9. Notið neðangreindar upplýsingar til að reikna raungildi launa ársins 2019 miðað við verðlag árið 2018.

Ár	Nafnlaun (tímakaup)	Vísitala neysluverðs
2018	2000	356
2019	2200	387

10. Bók breska hagfræðingsins Johns Maynards Keynes, síðar Keynes lávarðar, Altæka kenningin um atvinnu, vexti og peninga, olli straumhvörfum í hagfræði þegar hún kom út 1936. Peningamarkaðurinn gegnir lykilhlutverki. Gert er ráð fyrir að framboð peninga sé fast og ákveðið af Seðlabankanum. Keynes teflir fram kenningu um eftirspurn eftir peningum og setur í samhengi við forgangsröðun gagnvart lausu fé (e. theory of liquidity preference).

Á myndinni að neðan getur að líta fjórar myndir af peningamarkaðnum merktar (a) – (d) eins og Keynes lýsti honum í kenningu sinni. MS táknar peningaframboð og MD táknar eftirspurn eftir peningum. Hvert þessara línurita lýsir áhrifum þess á peningamarkað að seðlabanki landsins kaupi ríkisskuldabréf í hóflegum mæli á verðbréfamarkaði? Rökstyðjið svarið.



11. Árið 2017 er verg landsframleiðsla í landi nokkru 1251 og 1334 árið 2018. Verðvísitala vergrar landsframleiðslu fór úr því að vera 223 árið 2017 í 235 árið 2018. Á milli þessara ára jókst mannfjöldi í landinu um 1,1%. Reiknið á grundvelli þessara upplýsinga hagvöxt og hagvöxt á mann á milli ára í þessu landi.

II. Ritgerðarspurningar Gilda samtals 34%.

12. Útskýrið rækilega hvernig peningamyndun fer fram á vettvangi viðskiptabankanna. (8%)
13. Peningamagnsjafnan $MV = PY$ er alþekkt í hagfræðinni. Hér tákna M peningamagn, V veltuhraða peninga, P verðlag og Y landsframleiðslu. Skýrið af hverju þessi jafna er alltaf sönn og greinið frá meginályktunum sem af henni eru dregnar um samband verðbólgu og breytinga á peningamagni. (8%)
14. Skýrið hugtakið greiðslujöfnuður við útlönd (e. balance of payments). Rekið hvernig helstu liðir greiðslujafnaðar tengjast framboðs- og eftirspurnarhlið gjaldeyrismarkaðarins (e. foreign exchange market)? (8%)
15. Í námskeiðinu eru kynnt ýmis líkön af þjóðarbúskapnum. Þeirra á meðal eru (1) líkan heildarframboðs og heildareftirspurnar, (2) líkan um samtímaákvörðun vaxta á lánamarkaði og gengis á gjaldeyrismarkaði og (3) hið svonefnda IS – LM líkan.

Veljið eitt þessara líkana og gerið ítarlega grein fyrir því. Rekið helstu hagstærðir sem koma við sögu og samspil þeirra og beitið líkaninu til að varpa ljósi á markvert atriði í þjóðhagfræði eða svara spurningu sem máli skiptir um breytingu í hagstjórn eða ytri skilyrðum þjóðarbúsins.

Þessa spurningu má líta á sem eilítla ritgerðarspurningu. Athugið að beðið er um að nemandi fjalli um eitt þessara haglíkana að eigin vali. Látið nauðsynlegar skýringarmyndir fylgja. (10%)